

**Nd.**

**312. Breytingartillaga**

**[11. mál]**

við frv. til 1. um togarakaup ríkisins.

Frá Skúla Guðmundssyni.

Á eftir 2. gr. komi ný grein, er verði 3. gr., svo hljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 1. málgr. 1. gr. er ríkisstjórninni heimilt að leigja einn eða fleiri af þeim togurum, er hún lætur smíða samkvæmt lögum þessum, útgerðarfélagi eða útgerðarfélagum sjómanna, enda sé fullnægt eftirfarandi skilyrðum:

1. Allir skipverjar á leigðum togara séu félagsmenn í útgerðarfélaginu, og framkvæmdastjóri þess geti einnig verið félagsmaður. Verðmæti aflans, að frá-dregnum útgerðarkostnaði, skiptist milli félagsmanna eftir hlutaskiptareglum, er þeir sjálfir setja.
2. Fullnægjandi tryggingar séu settar fyrir því, að umsamið leigugjald fyrir togara greiðist skilvíslega og að ekki falli sjóveð á togara á leigutímanum.